Samþykkt þann 17 JUL 2019
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Skúlar Jónsson



Grunnmyndir hiti 2. hæð allar gerðir
1:50

HITAKERFi:
Allt efni, lögn, prófun og frágangur skal vera samkvæmt ákvæðum staðals ÍST 69 og og reglugerð um hitalagnir í Reykjavík.
PÍPUR OG TENGISTYKKI:
Allar pípur i hitakerfi skulu vera PEX-A rör í rör. Lagnmir að ofnum eru svartar press pípur.

Eftir þrýstiprófun skal einangra og ganga frá öllum samskeytum, greinum og beygjum á sama hátt.

OFNAR:
Ofnar skulu vera i samræmi við ÍST 69.1.
Ofnar eru Runtal ofnar eða sambærilegir. Þess skal gætt að lengd og hæð ofna sé sem næst þeim hámarksmálum, sem uppgefin eru i ofnaskrá.
Uppgefin varmagjöf ofna miðar við hitafall vatns frá 80°C niður í 40°C.
Allir ofnar skulu hengdir á örugg vegghengi eða standa á fótum.
Athuga skal vel að ofnar séu rétt staðsettir.
A hverjum ofni skal vera stillité, loftskrúfa og sjálfvirkur ofnloki. Gerð og staðsetning ofnloka kemur fram á rúmmyndum.
Verktaki skal stilla rennsli milli ofna á stillitéum, þannig að allir ofnar hitni jafnvel, svo og alla stilliloka til þrýstingsjöfnunnar milli greina.

PÍPUUPPHENGI OG FESTINGAR:
Allar pípur í hitakerfinu skulu hengjast upp eða festast þar sem þær liggja.
Mesta fjarlægð milli upphengja má vera 2 metrar undir loftum og á vegg.
Hengja skal pípurnar upp með sérstökum pípuupphengjum af Mefa gerð (Mefa Rohrshelle) eða öðrum upphengjum af samsvarandi gerð.
Öll upphengi skulu hafa gúmmíföðringar næst pípu.
Þar sem pípur í neysluvatns- og hitakerfi liggja samsíða skulu þær settar á sameiginlegar rólur.

MÁLUN PÍPA:
Allar pípur í hitakerfinu skal mála með ryðvarnarmálningu, t.d. Oxyd menju málningu eða með asfaltmálningu eins og reglugerð segir til um.

ÞRÝSTIPRÓFUN LAGNA:
Ofnakerfi skal þrýstiprófa með 6 kg/cm² vatnsþrýstingi áður en samskeyti eru einangruð og skal þrýstingur standa í 24 klst. án þess að falla. Athuga skal hvort smit sjáist á samskeytum.
Eftir að hitakerfi hefur verið þrýstiprófað og stillt, skal það skolað vandlega.
Gólfhitakerfi skal þrýstiprófað með 4 kg/cm² vatnsþrýstingi áður en það er fer undir steypu eða ílögn og skal þrýstingurinn standa í 24 klst. án þess að falla.
Engin samskeyti mega vera í innsteyptri lögn.
Sé þrýstifall meira en en leyfilegt er skal finna og gera við lögnina og endurtaka prófun þar til að ofangreindum skilyrðum um þrýstifall er náð.

ÞVERMÁL Á PÍPUN MIÐAST VIÐ INNANMÁL

Samþykki arkitekts:

LAGANÚTGÁFA KÁRNÚTGÁFA	26.06.19

A1

Gjáhella 13 Hafnarfirði
Lagnir
Grunnmyndir hiti 2. hæð

TEIKNINGUMER	MÆLIKVARDI		UTGÁFA
L-04	1:50 ,		1
Hafsteinn Kr. Halldórsson Byggingatæknifræðingur FTFÍ kt:120166-3449 hafsteinn.kh@gmail.com		NAFN	DAGSETNING
	HANNAÐ	hak	28.10.17
	TEIKNAÐ	hak	28.10.17
	YFIRFARIÐ		
SAMÞ. NR.			